

komudagur 18.2.2011

Umsögn um Þskj. 459 – 359. mál – Farþegagjald og gistináttagjald

Almennt um frumvarpið

Tekið er undir þá markmiðssetningu laganna að afla fjár til nauðsynlegrar uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða og áhersla lögð á það að gjaldið skili sér að fullu til þeirra verkefna.

Nokkur atriði frumvarpsins vekja þó upp áleitnar spurningar varðandi jafnræði og samkeppnisstöðu svæða innanlands þegar kemur að útfærslu gjaldtökkunar. Þannig er gert ráð fyrir því að innheimt verði gjald af innanlandsflugi og einnig af ferðum skemmtiferðaskipa á milli hafna innanlands. Eðlilegra væri að miða gjaldið aðeins við farþegaflutninga til og frá landinu þannig að álagning þess veiki ekki enn frekar samkeppnisstöðu ferðaþjónustu sem liggur fjær aðal innkomuleiðum ferðamanna til landsins.

Ekki kemur fram með skýrum hætti hvort skilgreining frumvarpsins á farþegaskipi eigi t.d. við um skip sem flytja farþega til hvalaskoðunar. Ljóst þarf að vera af texta frumvarpsins að ekki eigi að leggja farþegagjald á þá starfsemi.

17. febrúar 2011



Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.